

Fundargerð

Fjarfundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 7. febrúar 2022 og hófst hann kl. 17. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Steinunn Stefánsdóttir. Luciano Dutra mætti ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Ályktun 2022

Sjá fg. stj. ÍM 1/2022. Netíð er megináhersla í starfi ÍM árið 2022 og verður það því höfuðatriði ályktunar ársins um stöðu íslenskrar tungu. Ýmsar hugmyndir voru reifaðar um væntanlega ályktun. Árlegt málræktarþing ÍM verður haldið í september og mun það einnig fjalla um stöðu tungunnar á netinu.

2. Fundur fullskipaðrar málnefndar

Sjá fg. stj. ÍM 1/2022. Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn 17. febrúar og verður staðfundur. Á fundinum verður rætt um ályktun ÍM um stöðu íslenskrar tungu 2022 og kosinn verður þriðji varamaður í stjórn málnefndarinnar.

3. Önnur mál

a. Stuðningsbréf

Sjá fg. stj. ÍM 1/2021 Íslensk málnefnd sendi stuðningsbréf við umsókn fyrir verkefnið *Informal language learning and cultural understanding among migrants* sem er á vegum Sprákkraft í Svíþjóð. Þetta verkefnið hefur nú fengið styrk.

b. Erindi frá Einari S. Hálfánarsyni

Tölvuskeyti barst frá Einari S. Hálfánarsyni þar sem hann gerir athugasemdir við enskuslettur hjá KSÍ og bendir hann á sem dæmi að til eru mörg íslensk orð yfir *level*, *matcha*, *covera* o.s.frv.

c. Málþing um kynhlutlaust mál

Málþing um kynhlutlaust mál verður haldið laugardaginn 30. apríl í Veröld – húsi Vigdísar. Málþingið er samstarfsverkefni Íslenskrar málnefndar og áhugahóps um kynhlutlaust mál.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 17:50.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.